

1867.

25. júlí.

Nú er stjórnarráðið hefir fengið með bréfum yðar, herra amtmaður, dagsettum 24. janúarmán. f. á. og 5. febrúarmán. þ. á. bæði álitsskjal Briems sýslumanns um málið og einnig skýrslu um ástæður þær, er hlutaðeigandi hreppstjórar hver um sig grundvalla á kröfur sínar um, að tíundin af Borgarey eigi að ganga til fátækra í sínum hrepp, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að úgreiningur sá, sem þannig er orðinn milli þessara tveggja hreppa um fátækratíundina af tæðri eign, hlýtur að eiga undir úrslit dómstólanna, ef til þess kemur, álitur dómsmálastjórnin ekki tilefni til að gjöra út um málið með úrskurði sínum.

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir bólusetningar.

25. júlí.

Síra Björn Halldórsson, prófastur í Þingeyjarsýslu og sóknarprestur að Laufási, hefir spurt um í skjali, er hingað hefir borizt beina leið:

- 1) hvort amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi rétt til að synja sèr um að borga sèr bólusetningarlaun þau, er sèr beri fyrir árið 1865, enda þótt hann sendi ammanninum ekki kvittun, fyr en amtmaður hefir sent honum launin, og
- 2) ef kveðið verði nei við þessari spurningu, hvort amtmaðurinn þá og megi neita að borga launin hverjum þeim manni, er beiðist þeirra hjá honum sín (síra Björns) vegna, eptir skriflegri fullmakt til að taka á móti þeim og kvitta fyrir þau, um leið og þau eru afhent.

Og hafið þèr, herra amtmaður, þar að auki látið uppi skýrslu yðar um málefni þetta í bréfi, dagsettu 28. janúarmán. þ. á.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjöríð það, að þar sem

1867.
25. júlí.

Þér að einu leytinu ekki getið verið skyldur að borga neitt úr jafnaðarsjóðnum, nema þér hafið fengið eða fáið um leið lög-
mæta kvittun fyrir því, eins og sá, sem við borguninni á að
taka, hins vegar ekki getur verið skyldur til að láta kvittunina
af hendi fyr en hann hefir fengið borgunina, sem á að kvitta
fyrir, þá fær stjórnarráðið á hinn bóginn ekki sæð, að þér getið
synjað að borga neitt gjald, sem einhver á lögmæta heimting á,
hverjum þeim, sem kemur með fullgilda fullmakt frá hlutað-
eiganda til að taka við gjaldinu og kvitta fyrir það.

25. júlí. **38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um borgun fyrir
afgreiðslu pósts í Axarfirði.**

Með bréfi dagsettu 1. f. m. hafið þér, herra amfmaður,
sent hingað bænarskrá frá síra Hjörleifi Guttormssyni, sóknar-
presti að Skinnastað, er þér hafið falið á hendur að afgreiða
póstinn í Axarfirðinum, þar sem þér í fyrra hafið skipað fyrir
um póststöðvar; sækir hann um að fá eptirleiðis árlega þóknun
fyrir þenna starfa sinn, á líkan hátt og öðrum er veitt, sem af-
greiða pósta á Íslandi, en ekki hafa neina embættisskyldu til
að hafa þann starfa á hendi.

Um þetta skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leið-
beiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið
eptir málavöxtum ekki hefir neitt á móti því, að beiðandanum
fyrst um sinn sé veitt 6 ríkisdala þóknun á ári í þessu skyni,
eins og þér hafið stungið uppá, og sé það talið frá 1. janúar-
mán. þ. á.; landfógetanum á Íslandi hefir líka verið skrifað
í dag um að greiða þóknun þessa úr jarðabókarsjóði landsins.